Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 5. ágúst 2026
2602638 AMT

**Efni: Hólshraun 5 - Grenndarkynning**

Á *afgreiðslufundi skipulags og byggingarfulltrúa* þann 20. maí sl. var samþykkt að *grenndarkynna breytingu á deiliskipulag Hólshrauns iðnaðar- og þjónustusvæðis vegna Hólshraun 5*.

Deiliskipulagið var í grenndarkynningu frá 22. maí til 23. júní sl. Athugasemd/ábendingar/umsagnir bárust frá  barst frá Veitum og Garðabæ.

Þór Tjörvi Þórsson fh. Veitna

**Veitur**
Þór Tjörvi Þórsson

UMSÖGN BIRT **4.06.2026**

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og gera engar athugasemdir

**# 1**

Arinbjörn Vilhjálmsson fh. Skipulagsnefndar Garðarbæjar

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Hafnarfjarðarkaupstaður
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

Garðabæ, 15. júní 2026
Mál nr. 2605322

Efni: Hafnarfjörður - Hólshraun dsk.br. - Umsagnarbeiðni - málnr. 2026/633

Á fundi skipulagsnefndar þann 11. júní sl. var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.

*„Lögð fram beiðni um umsögn Garðabæjar við tillögu að breytingu deiliskipulags við Hólshraun.*

*Skipulagsnefnd vísar tillögunni til skoðunar hjá umhverfissviði.“*

Virðingarfyllst,

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri

Vakin er athygli á því að erindi þetta verður ekki sent með bréfpósti nema óskað sé eftir því sérstaklega.

Beiðni kom frá Garðabæ um fund og þann 2. júlí sl. fundaði Lilja og Anna Margrét með Arinbirni og Önnu frá Garðabæ þar lístu garðbæjingar áhyggjum sínum um að lóðarmörk í Hafnarfirði væru komin

nærri landamörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar og lóðarhafar hefðu tilhneygingu til að vera með drasl á landi Garðarabæjar. Í kjölfarið á fundinum kom athugaemd frá Garðabæ í skipulaggátt.

A Anna Margrét Tómasdóttir — UMSÖGN BIRT **2.07.2026**

Umsögn frá Garðabæ

Garðabær gerir athugasemd við að lóðarmörk Hólshrauns 5 liggi að sveitarfélagamörkum að Garðabæ. Æskilegt væri að þar sem því verður við komið sé fjarlægð lóðarmarka frá sveitarfélagamörkum 5 metrar og ekki minni en 2 metrar við norðausturhorn lóðarinnar.

Virðingarfyllst fyrir hönd Garðabæjar

Kær kveðja, **Arinbjörn Vilhjálmsson** Skipulagsstjóri

**# 3** — **Eyða umsögn**

Óskað er eftir að lóðarmörk verði færð fjær landamörkum Garðarbæjar.

Anna Margrét Tómasdóttir
verkefnastjóri